

Verklagsreglur í FG ef upp kemur COVID-19 smit eða grunur um slíkt

1. Veikindi. Starfsmaður eða nemandi verður veikur.

Aðskiljið hinn veika frá öðrum nemendum og starfsmönnum.

Miðið aðstæður og aðbúnað við einkenni hins veika. Hann má fara út í bíl og heim ef hann treystir sér til þess. Ef það er ekki mögulegt, þá útnefnið einn starfsmann sem sinnir hinum veika þar til hann fer af staðnum. Öðrum skal beint frá staðnum þar sem sá veiki er.

Kallið eftir aðstoð frá heilbrigðisstofnun ef þörf er á (heilsugæsla/1700/112 eftir atvikum).

Viðkomandi fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.

2. Smitrakningarteymi hefur samband við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við skólameistara. Spurt er út í aðstæður í skólanum og samskipti þess smitaða við aðra. Skrá þarf alla nemendur og starfsmenn sem hafa verið í nánum samskiptum við hinn veika þennan dag með nafni, síma, netfangi og kennitölu ef hún er til.

3. Tímabil sóttkvíar. Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið út frá reglunni: Innan 48 klst og innan 2 metra í meira en 15 mín. með þeim smitaða. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klst. áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef um engin einkenni er að ræða er miðað við 48 klst. frá sýnatöku.


4. Úrvinnslusóttkví. Ef vafamál um umgengni eða samneyti starfsfólks/ nemenda koma upp þá er engin áhætta tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví sem stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir.

5. Nemendur sem tilkynna til skrifstofu að þeir séu í sóttkví fá K í stað mætingar í sína áfanga og munu geta stundað fjarnám í sínum áföngum þar til sóttkví lýkur.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að starfsfólk og nemendur haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef þeir byrja að finna fyrir einkennum. Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með COVID-19 en eru þó þekkt.

Garðabæ, 21.08.2020

Ferli þegar upp kemur COVID-19 smit - starfsfólk



Ferli þegar upp kemur COVID-19 smit - nemendur

